

STARFSLEYFI

UST202203-282

Sjókvíaeldi

Ís 47 ehf.,

Önundarfirði - Ísafjarðarbæ

Kt.: 650603-3030

1 ALMENN ÁKVÆÐI

1.1 Rekstraraðili

Starfsleyfi þetta gildir fyrir Ís 47 ehf., kt. 650603-3030, fyrir sjókvíaeldi í Önundarfirði. Ís 47 ehf. er hér eftir nefnt rekstraraðili.

Komi nýr aðili að rekstrinum er hægt að sækja um að starfsleyfið verði fært yfir á hann án þess að gefið verði út nýtt starfsleyfi. Með umsókninni skulu fylgja gögn sem sýna fram á að rekstraraðilinn hafi tekið við rekstrinum. Verði gerð breyting á nafni rekstraraðila ber honum að tilkynna Umhverfis- og orkustofnun um slíka breytingu.

Rekstraraðili getur falið verktaka að annast verk fyrir sig, enda hafi hann þá gengið úr skugga um að viðkomandi hafi öll tilskilin opinber leyfi. Rekstraraðili ábyrgist þó áfram að ákvæðum starfsleyfisins sé fylgt. Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu og haga starfsemi í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir.

1.2 Umfang starfseminnar

Starfsleyfið tekur til eldis á laxfiskum. Hámarkslífmassi á hverjum tíma má ekki fara yfir 1.000 tonn af laxfiskum. Um er að ræða eldi í sjókvíum og skal það vera staðsett innan þess svæðis sem tilgreint er í viðauka 1 og skilgreinds nýtingarreits.

Starfsleyfið nær til tveggja eldissvæða í Önundarfirði með eftirfarandi takmörkunum:

Eldissvæðið Valþjófsdalur - Nýtingarreitur SN21¹

Eldisbúnaður skal vera í samræmi við útgefið áhættumat siglinga vegna Valþjófsdals. Jaðar sjókvíaeldisstöðvar skal ekki vera nær mörkum hvíts ljósgeira vitaljósa en 50 m. Botnfestingar (akkeri og tóg) skulu vera á meira en 15 m dýpi þar sem þær eru innan þess svæðis sem hvítur vitageiri afmarkar.

Eldissvæðið Hundsá - Nýtingarreitur SN22²

Eldisbúnaður skal vera í samræmi við útgefið áhættumat siglinga vegna Hundsár. Jaðar sjókvíaeldisstöðvar skal ekki vera nær mörkum hvíts ljósgeira vitaljósa en 50 m. Botnfestingar

¹ Svæði innan nýtingarreits SN21 *Ingjaldssandur og Valþjófsdalur* í strandsvæðisskipulagi Vestfjarða.

² Svæði innan nýtingarreits SN22 *Önundarfjörður* í strandsvæðisskipulagi Vestfjarða.

(akkeri og tóg) skulu vera á meira en 15 m dýpi þar sem þær eru innan þess svæðis sem hvítur vitageiri afmarkar.

Eldissvæðin skulu hvíld í samræmi við gr. 3.2 í starfsleyfi. Mynd af staðsetningu eldissvæða og tafla með hnitum svæðanna eru í viðauka 1.

1.3 Eftirlit

Umhverfis- og orkustofnun hefur eftirlit með starfsemi rekstraraðila í samræmi við XIV. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og X. kafla reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Tíðni vettvangsheimsókna við eftirlit skal byggð á áhættumati, sbr. 54. gr. laga nr. 7/1998 og 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018. Eftirlit felst í umsjón með lögbundnum skilum, yfirferð og mati á gögnum. Jafnframt felst eftirlit í yfirferð gagna og reglubundinni skoðun á vettvangi, móttöku athugasemda og fyrirspurna. Eftirlitsaðili tekur saman skýrslur um eftirlit. Skýrslan skal vera gerð aðgengileg á vefsíðu Umhverfis- og orkustofnunar, á vefsvæði rekstraraðila, eftir að rekstraraðili hefur fengið tækifæri til að koma að athugasemdum og brugðist hefur verið við þeim. Athugasemdirnar skulu eftir atvikum birtar með skýrslunni.

Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða á sviði starfseminnar er eftirlitsaðila heimilt að beita úrræðum skv. gr. 1.7, og gildandi lögum og reglugerðum.

Viðbótareftirlit getur farið fram m.a. vegna nýs búnaðar, til rannsóknar á alvarlegum ábendingum vegna umhverfisins, alvarlegum umhverfisslysum, óhöppum og tilvikum þar sem reglum er ekki fylgt eða sérstakra úttekta vegna áætlana sem rekstraraðili hefur gert um úrbætur. Eftirlitsaðila skal heimill aðgangur til skoðunar og eftirlits, þar á meðal töku sýna og myndatöku, sbr. 62. gr. laga nr. 7/1998.

1.4 Breytingar á rekstri

Rekstraraðili skal veita útgefanda starfsleyfis upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á rekstri með góðum fyrirvara áður en ráðist verður í þær, sbr. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 7/1998 og 1. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 550/2018. Á grundvelli þeirra metur stofnunin hvort nauðsynlegt sé að endurskoða starfsleyfið.

Breytingin skal vera í samræmi við matsskylduákvörðun Skipulagsstofnunar eða álit Skipulagsstofnunar um umhverfismat framkvæmdar, sbr. lög nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana, ef við á.

1.5 Gangsetning og stöðvun rekstrar (lokun) og neyðaráætlun

Áætlanir skulu vera til staðar, ef ske kynni að rekstri verði hætt, tímabundið eða varanlega, eða reksturinn stöðvast óvænt, til þess að m.a. úrgangi, efnum, búnaði, tækjum, rekstrarsvæði, olíugeymum, lögnum og menguðum jarðvegi verði ráðstafað á viðurkenndan hátt. Þar skal koma fram hvað gera skuli annars vegar þegar um er að ræða tímabundna rekstrarstöðvun og hins vegar varanlega rekstrarstöðvun. Eftirlitsaðila er heimilt að krefja rekstraraðila um að tímasetja áætlanir um frágang ef hann telur þörf á. Í áætlunum skal gengið út frá því að lágmarka möguleg mengunaráhrif og tryggja að hráefni sem tilheyrir rekstrinum séu ekki skilin eftir á svæðinu. Rekstrarstöðvun skal tilkynnt eftirlitsaðila með a.m.k. þriggja mánaða fyrirvara eða þegar ákvörðun liggur fyrir. Þá skal tilkynna um það ef reksturinn hefur verið stórlega skertur þó ekki sé talin þörf á að virkja áætlanirnar. Bilanir og viðhald telst ekki stórlega skertur rekstur. Gera skal brunavörnum viðvart um stöðvun starfseminnar um leið og eftirlitsaðila.

Útbúa skal og vinna eftir neyðaráætlun sem skal vera tiltæk á eldisstöðinni ef kemur til óvæntrar stöðvunar á rekstri eldisstöðvarinnar. Neyðaráætlunin skal innihalda tillögur um meðferð og förgun eldisfisksins þann tíma sem eldisstöðin er ekki í rekstri.

Tilkynna skal eftirlitsaðila án tafar um stöðvun rekstrar og ráðstafanir þar að lútandi þannig að taka megi út frágang. Tilkynna skal eftirlitsaðila um gangsetningu ef rekstur hefur legið niðri í meira en mánuð.

1.6 Endurskoðun starfsleyfis

Endurskoða skal starfsleyfið reglulega, sbr. 15. gr. laga nr. 7/1998 og 14. gr. reglugerðar nr. 550/2018. Umhverfis- og orkustofnun er heimilt að endurskoða og breyta starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna, sbr. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 og 2. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018, sbr. einnig 14. og 15. gr. laga nr. 7/1998.

Umhverfis- og orkustofnun er einnig skylt, eða eftir atvikum heimilt, að endurskoða starfsleyfið, meðal annars í eftirfarandi tilfellum:

- Niðurstöður umhverfisvöktunar, sbr. gr. 5.1, benda til þess eða Umhverfis- og orkustofnun hefur með öðrum hætti upplýsingar um uppsöfnun næringarefna eða að aðrar óhagstæðar aðstæður í umhverfinu eða náttúrunni hafi komið upp.
- Ef rekstraraðili breytir rekstrinum með þeim hætti að tilkynningaskylt er sbr. gr. 1.4.
- Þegar mengun af völdum stöðvar er slík að nauðsynlegt reynist að endurskoða gildandi viðmiðunarmörk fyrir losun sem tilgreind eru í starfsleyfi eða láta ný viðmiðunarmörk koma fram í leyfinu.
- Þegar nota þarf aðra tækni vegna rekstraröryggis.
- Þegar nauðsynlegt er að fara að nýjum eða endurskoðuðum umhverfisgæðastöðlum í samræmi við 11. gr. reglugerðar nr. 550/2018.
- Ef breytingar verða á bestu aðgengilegu tækni sem gera það kleift að draga umtalsvert úr losun mengunarefna. Ef breytingar verða á viðmiði um bestu aðgengilegu tækni (BAT) skal rekstraraðili senda útgefanda starfsleyfis, skv. beiðni útgefandans, tímasetta áætlun sem fjallar um með hvaða hætti hann hyggist taka upp hina nýju tækni en rökstyðji annars að honum sé það ekki mögulegt.
- Ef breytingar verða á lögum eða reglum um mengunarvarnir eða annað sem snertir reksturinn.
- Ef burðarþolsmat svæðisins er metið of lítið fyrir rekstur stöðvarinnar.
- Ef vöktun leiðir í ljós að umhverfismarkmið sem sett hafa verið fyrir viðkomandi vatnshlot á grundvelli laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála nást ekki. Endurskoðun skal tryggja að umhverfismarkmiðum verði náð.
- Ef breytingar verða á áhættumati Hafrannsóknastofnunar vegna erfðablöndunar.
- Ef breyting verður á skipulagi, sbr. lög nr. 88/2018 um skipulag haf- og strandsvæða.
- Ef breyting verður á áhættumati siglinga.

Rekstraraðila er þó ætíð skylt að fara að gildandi lögum og reglugerðum, sbr. gr. 1.1, jafnvel þótt starfsleyfi hafi ekki verið endurskoðað.

Rekstraraðili skal, sé þess óskað af Umhverfis- og orkustofnun, leggja fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að endurskoða starfsleyfisskilyrðin.

1.7 Valdsvið, viðurlög og þvingunarúrræði

Rekstraraðili skal uppfylla skyldur þær er koma fram í 40. gr. laga nr. 7/1998. Ef frávik verða skal rekstraraðili upplýsa eftirlitsaðila tafarlaust um það og grípa tafarlaust til nauðsynlegra ráðstafana til að tryggja að öllum kröfum vegna starfseminnar sé framfylgt eins fljótt og auðið er. Uppfylli rekstraraðili ekki ákvæði starfsleyfis, laga og reglugerða á starfssviði sínu eða fylgi ekki fyrirmælum eftirlitsaðila um úrbætur, getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum XVII. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til að knýja fram úrbætur.

Stofnuninni er m.a. heimilt að veita áminningu og hæfilegan frest til úrbóta, ákveða rekstraraðila dagsektir og stöðva starfsemi eða takmarka hana til bráðabirgða sé um alvarlega hættu, alvarleg tilvik eða ítrekað brot að ræða eða ef úrbætur eru ekki gerðar innan tiltekins frests.

Umhverfis- og orkustofnun getur lagt á stjórnvaldssektir sbr. 67. gr. laga nr. 7/1998.

1.8 Upplýsingaréttur almennings

Almenningur á rétt á aðgengi að upplýsingum um starfsleyfi, starfsleyfisumsókn og mengunareftirlit í samræmi við reglugerð nr. 550/2018.

Umhverfis- og orkustofnun birtir eftirlitsniðurstöður og önnur viðeigandi gögn opinberlega samkvæmt gr. 1.3. og 1.7. Birtingin er á vefsíðu stofnunarinnar eða með öðrum aðgengilegum hætti.

1.9 Umhverfisábyrgð

Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sbr. lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.

Rekstraraðili skal þegar í stað grípa til nauðsynlegra varnarráðstafana vegna yfirvofandi hættu á umhverfistjóni sem rekja má til starfsemi hans. Ef umhverfistjón verður skal rekstraraðili þegar í stað hefja aðgerðir til að takmarka tjón eða afstýra frekara tjóni.

Rekstraraðili skal þegar í stað tilkynna Umhverfis- og orkustofnun um umhverfistjón eða yfirvofandi hættu á umhverfistjóni sem rekja má til starfsemi hans og upplýsa um alla þætti sem máli skipta. Jafnframt skal rekstraraðili setja fram og senda Umhverfis- og orkustofnun áætlun um úrbætur vegna umhverfistjóns sem þegar er orðið.

2 STARFSHÆTTIR

2.1 Starfshættir og umhverfismarkmið

Rekstraraðili skal beita góðum starfsreglum við rekstur stöðvarinnar. Í því felast aðgerðir til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum eldisins, m.a. með góðum starfsaðferðum við samsetningu kvía, fóðrun og notkun efna og lyfja, með því að tryggja gott heilbrigðisástand eldisstofnsins, svo og að draga úr losun efna út í umhverfið. Gerðar skulu nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir mengunaróhöpp og draga úr afleiðingum þeirra. Rekstraraðili skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim og skulu þau endurskoðuð á a.m.k. fjögurra ára fresti. Ef umhverfismarkmið eru hluti af umhverfisstjórnunarkerfi rekstraraðila er fullnægjandi að vísa til þeirra. Á öllu athafnasvæði stöðvarinnar skal gæta fyllsta hreinlætis í samræmi við kröfur eftirlitsaðila.

Athafnasvæði stöðvarinnar nær til þess svæðis sem tilgreint er í viðauka 1 og starfstöðva rekstraraðila í landi hvort heldur sem um er að ræða varanlegar eða tímabundnar starfstöðvar.

2.2 Samskipti og samráð

Sérstakur fulltrúi rekstraraðila skal vera tengiliður við eftirlitsaðila og ber hann ábyrgð á samskiptum rekstraraðila vegna eftirlits með mengunarvörnum fyrirtækisins og framkvæmd neyðaráætlunar vegna óvæntrar rekstrarstöðvunar. Eftirlitsaðili getur haft samband við þennan aðila utan hefðbundins starfstíma ef þörf krefur. Rekstraraðili skal tilkynna Umhverfis- og orkustofnun ef breyting verður á tengilið og/eða tengiliðsupplýsingum.

2.3 Verkstjórn og takmörkun aðgangs

Starfsfólk skal vera þjálfað til að bregðast við mengunaróhöppum og hafa viðeigandi þjálfun á tæki og öryggisbúnað stöðvarinnar. Tryggja skal kennslu og æfingu í viðbrögðum við mengunaróhöppum. Tryggja skal að starfsfólk hafi fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það gæti komist í tæri við og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar á vinnustað.

Rekstraraðila er skylt að ganga vel um og skal hann halda rekstrarsvæði sínu snyrtilegu. Rekstraraðili skal sýna ítrustu varúð þannig að jarðvegi verði ekki spillt með mengun, sbr. reglugerð nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg. Eftirlitsaðili getur krafist lagfæringa og viðgerða á lóð, girðingu eða öðrum mannvirkjum ef nauðsynlegt þykir til þrífnaðar, öryggis eða ef ástand þeirra er til lýta fyrir umhverfið.

Takmarka skal aðgang óviðkomandi að athafnasvæði stöðvarinnar þannig að almenningi stafi ekki hættu af starfsemi.

2.4 Umhverfisstjórnunarkerfi

Rekstraraðili getur valið að vinna eftir umhverfisstjórnunarkerfi, kjósi hann það. Velja má staðlað umhverfisstjórnunarkerfi, t.d. ISO 14001, eða þátttöku í umhverfisstjórnunarkerfi ESB, sbr. reglugerð nr. 344/2013 um frjálsa þátttöku fyrirtækja og stofnana í umhverfisstjórnunarkerfi Evrópusambandsins (EMAS).

2.5 Áhættumat og viðbragðsáætlun vegna hættu á mengun hafs og stranda

Rekstraraðili skal vera með viðbragðsáætlun sem unnin er á grundvelli áhættumats sem að lágmarki felur í sér skilyrði í viðauka I.b. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Þar skal taka á hugsanlegri hættu á bráðamengun og hvenær tilkynna skuli um mengunaróhöpp til Umhverfis- og orkustofnunar. Viðbragðsáætlun skal vera tiltæk starfsmönnum á vinnustað og aðgengileg eftirlitsaðila. Hana skal endurskoða á a.m.k. fjögurra ára fresti.

2.6 Viðbrögð og tilkynningar vegna mengunaróhappa

Verði óhapp eða annað atvik sem getur haft í för með sér losun mengandi efna út í umhverfið skal þegar í stað grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir útbreiðslu mengunarefna og til að fyrirbyggja að mengun valdi skaða á umhverfinu og heilsu manna. Eftir því sem við á skal fylgja viðbragðsáætlun sbr. gr. 2.5. Rekstraraðila ber að hreinsa þá mengun sem kann að verða við óhöpp eða önnur atvik á sinn kostnað.

Rekstraraðili skal fara yfir öll óhöpp og önnur atvik sem geta haft í för með sér losun megnandi efna út í umhverfið og gera ráðstafanir sem miða að því að hindra að sambærileg atvik endurtaki sig. Eftirlitsaðili skal upplýstur um slíkar ráðstafanir.

Ef óhapp verður sem þarfnast tafarlausra aðgerða skal hafa samband við Neyðarlínuna - 112.

Tilkynna skal eftirlitsaðila um mengunaróhapp eins fljótt og mögulegt er. Greina skal eftirlitsaðila frá því ef hætta er talin á neikvæðum afleiðingum fyrir umhverfið og heilsu manna.

Eftirlitsaðila er heimilt, ef þörf er á, að óska eftir upplýsingum um önnur sérstök atvik í rekstri sem geta haft í för með sér aukna mengun.

2.7 Trygging vegna bráðamengunar

Rekstraraðili skal taka ábyrgðartryggingu eða leggja fram aðra fullnægjandi tryggingu sem Umhverfis- og orkustofnun metur gilda sem jafngildir allt að 1 milljón SDR sbr. 16. gr. laga nr. 33/2004. Rekstraraðili skal senda Umhverfis- og orkustofnun staðfestingu á tryggingunni þegar þess er óskað.

2.8 Breytingar á mælingum

Eftirlitsaðili getur, telji hann ástæðu til, farið fram á tíðari mengunarmælingar eða efnagreiningar en starfsleyfið gerir ráð fyrir eða heimilað að dregið verði úr tíðni mælinga eftir því sem við á.

Ákvörðun um að draga úr tíðni mælinga skal þó ekki tekin nema eitthvert eftirfarandi skilyrða sé fyrir hendi:

- Mælingar hafi með sannfærandi hætti sýnt fram á að mengunarpáttur sé óverulegur.
- Mælingum hafi áður verið fjölgað umfram þær sem starfsleyfið tilgreinir.
- Sýnt hafi verið fram á að nota meggi aðrar aðferðir en mælingar við að meta mengunina.

3 VARNIR GEGN MENGUN YTRA UMHVERFIS

3.1 Mengunarvarnir

Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu og tryggja að starfsemi hans sé rekin í samræmi við meginreglur 38. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Rekstraraðili skal á hverjum tíma nota þá bestu aðgengilegu tækni (BAT) við mengunarvarnir sem skilgreind hefur verið, sbr. b-lið 38. gr. laga nr. 7/1998. Þegar aðferðum er beitt við mengunarvarnir sem valda því að mengun færir á milli andrúmslofts, vatns og jarðvegs skal lágmarka neikvæð áhrif á umhverfið (samþættar mengunarvarnir). Besta aðgengilega tækni hefur verið skilgreind í „Bat for fiskeopdræt i Norden“, ©Nordisk Ministerråd, TemaNord 2013:529. Verði breytingar á bestu aðgengilegu tækni skulu þær taka gildi og innleiddar samkvæmt gr. 1.6.

3.2 Hvíldartími

Hvert eldissvæði skal hvílt í a.m.k. 90 daga á milli eldislota (frá lokum slátrunar).

Þrátt fyrir hvíld eldissvæða skv. 1. mgr. getur Umhverfis- og orkustofnun einhliða frestað útsetningu eftir 90 daga hvíldartíma bendi niðurstöður vöktunar til þess að umhverfisaðstæður séu óhagstæðar á sjókvíaeldissvæði/eldissvæði að mati stofnunarinnar. Matið byggir á

niðurstöðum umhverfis- og vöktunarmælinga samkvæmt vöktunaráætlun, ástandi vatnshlots og myndatökum af botni.

Tilkynna þarf Umhverfis- og orkustofnun hvenær seiði verði sett út í kvíar með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara. Þá þurfa einnig að liggja fyrir upplýsingar um vöktun eldissvæðanna.

3.3 Fóðurgjöf og val á fóðri

Fóðurgjöf og vali á fóðri skal stýrt þannig að myndun úrgangs sé í lágmarki, t.d. með fóðrunarkerfi sem tekur tillit til vaxtarlíkana.

3.4 Efnalosun

Losun fosfórs í viðtaka má ekki fara fram úr 10,0 kg/tonn af lífmassaukningu á ári. Rekstraraðila er ekki heimil önnur losun á þeim efnum sem talin eru upp í listum I og II í viðauka reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns.

3.5 Eldiskvíar og ráðstafanir vegna uppsöfnunar fóðurleifa

Til að hindra að uppsöfnun fóðurleifa hafi áhrif á heilbrigði eldisstofnsins og gæði umhverfis er rekstraraðila heimilt að flytja eldiskvíarnar til innan skilgreinds eldissvæðis. Sama á við ef þörf krefur vegna hvers kyns yfirvofandi hættu fyrir búnað eða eldisfisk. Tilkynna skal eftirlitsaðila þegar kvíarnar eru fluttar til á eldissvæðinu. Halda skal starfsemi í hæfilegri fjarlægð frá annarri mengandi starfsemi þannig að mengunaráhrif, svo sem næringarefni, úrgangur eða súrefnisþurrð, valdi ekki skaða í öðrum atvinnurekstri, t.d. öðru sjávareldi. Nota skal traustar og góðar botnfestingar en þó skal forðast að raska botni eftir því sem kostur er.

3.6 Lífríki og flokkun vatns

Starfsemin er í strandsjávarvatnshlotinu Önundarfirði (nr. 101-1388-C).³ Samkvæmt lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála skulu vatnshlot ná umhverfismarkmiðum sínum um að minnsta kosti gott vistfræðilegt ástand og gott efnafræðilegt ástand. Reksturinn má ekki valda því að ástandi strandsjávarhlotsins hraki. Gæðabættir sem notaðir eru til að meta ástand vatnshlota eru settir fram í reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun og eru útfærðir nánar m.t.t. ástandsflokka í vatnaáætlun. Vöktun og mælingar skulu vera í samræmi við þær kröfur sem koma fram í gr. 5.1 og sbr. 2. mgr. 22. gr. laga nr. 36/2011. Útgefanda starfsleyfis er heimilt að endurskoða það, sbr. gr. 1.6, ef vöktun leiðir í ljós að umhverfismarkmið sem sett hafa verið fyrir vatnshlotið nást ekki.

3.7 Frárennsli frá starfsmannaaðstöðu

Frárennsli frá starfsmannaaðstöðu skal uppfylla kröfur í reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.

3.8 Meindýravarnir

Verði vart við meindýr skal sjá til þess að þau hafist ekki við eða taki sér bólfestu á athafnasvæðum rekstraraðila. Rekstraraðili skal hindra aðgang villtra fugla og spendýra sem sækja að kvíum. Ávallt skulu ráðstafanir þó vera í samræmi við lög nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum og lög nr. 55/2013 um velferð dýra.

³ Vatnshlotanúmer eru skilgreind skv. III. kafla laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og er flokkunin aðgengileg í Vatnavefsjá Veðurstofu Íslands.

3.9 Meðhöndlun úrgangs og spilliefna

Meðferð úrgangs og spilliefna skal fara eftir lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og reglugerð nr. 803/2023 um meðhöndlun úrgangs auk reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni eftir því sem við á.

Fullnýta skal hráefni og stuðla að endurnýtingu og endurvinnslu úrgangs eins og kostur er og þannig skal draga skipulega úr myndun úrgangs. Rekstraraðili skal útbúa áætlun um meðhöndlun úrgangs og vinna samkvæmt henni. Áætlunin skal m.a. taka til endurnýtingar lífbrjótanlegs úrgangs og innihalda tímasett skref þar sem endurnýting kemur í stað förgunar með urðun. Ef þörf er á skal áætlunin uppfærð. Spilliefnum og lyfjaafgöngum skal komið til viðurkenndrar spilliefnamóttöku.

Rekstraraðila er skylt að ganga þannig frá olíubirgðum, olíuúrgangi, eiturefnum og hættulegum efnum að ekki sé hætt á að þessi efni berist út í umhverfið, sjó, yfirborðsvatn eða grunnvatn. Fylgja skal ákvæðum reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.

3.10 Dauðfiskur

Rekstraraðili skal hafa útbúnað sem fangar dauðfisk úr kvíunum. Um meðhöndlun fisksins gilda ákvæði gr. 3.9 um lífbrjótanlegan úrgang og reglugerð nr. 674/2017 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis, eftir því sem við á.

3.11 Efnatökn, öryggisblöð og skiptireglan

Rekstraraðili skal vinna samkvæmt efnalögum nr. 61/2013 og reglugerðum settum samkvæmt þeim og öðrum reglugerðum sem gilda um efni og efnablöndur. Við alla efnameðferð skal gæta þess að öryggisblöð séu aðgengileg og uppfærð. Sé þess kostur skal skipta út efnum og efnablöndum sem geta haft í för með sér óæskileg áhrif á heilsu manna eða skaðað umhverfið fyrir efni sem eru minna skaðleg. Við geymslu og meðhöndlun efna skal takmarka aðgengi og mengunarhættu eins og kostur er. Við mengunaróhöpp skal fylgja viðbragðsáætlun skv. gr. 2.5.

Rekstraraðila er skylt að ganga þannig frá mengandi efnum að ekki sé hætt á að þessi efni berist út í umhverfið, sjó, yfirborðsvatn eða grunnvatn.

4 INNRA EFTIRLIT

4.1 Skráningar

Rekstraraðili skal hafa reglulegt eftirlit með umhverfis- og rekstrarþáttum sem geta haft áhrif á mengun eða losun efna út í umhverfið. Skrá skal upplýsingar um eftirfarandi atriði og skulu skráningar vera aðgengilegar eftirlitsaðila hvenær sem er:

- Lífmassaaukningu, framleiðslu og afföll ársins,
- fóðurnotkun, fóðurnýtingu og fóðurgerð,
- magn og gerð hreinsi- og sótthreinsiefna,
- kvartanir vegna starfseminnar,
- bilanir og óhöpp sem valdið gætu mengun,
- allan úrgang sem verður til í framleiðslunni og meðhöndlun hans,
- staðfesting á að þjálfun starfsmanna hafir farið fram sbr. gr. 2.3,
- staðsetningu og lífmassa á hverjum stað,

- niðurstöður vöktunarmælinga,
- losun næringarefna,
- lyfjagjöf m.a. vegna laxalúsar (umfang og áætluð áhrif),
- útsetningu seiða (lífmassi og dagsetning).

4.2 Skýrslur til eftirlitsaðila

Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert. Í yfirlitinu skulu koma fram niðurstöður vöktunarmælinga og skráninga, sbr. kröfur í 3. 4. og 5. kafla. Þá skulu koma fram þær upplýsingar sem liggja fyrir um flokkun vatns, sbr. gr. 3.6.

Vöktunarniðurstöðum skal að auki skila árlega fyrir 1. maí í þar til gerða gagnagátt Umhverfis- og orkustofnunar undir stjórn vatnamála.

4.3 Umhverfisupplýsingar

Rekstraraðili skal árlega skila upplýsingum um losun mengandi efna frá starfsstöðinni til Umhverfis- og orkustofnunar með rafrænum hætti sbr. 34. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Rekstraraðili ber ábyrgð á þeim upplýsingum sem hann skilar til Umhverfisstofnunar.

Eftirlitsaðili getur veitt rekstraraðila heimild til að skila umhverfisupplýsingum sameiginlega með ársyfirliti, sbr. gr. 4.2, en skilafrestir framlengjast þó ekki við það.

5 UMHVERFISVÖKTUN

5.1 Vöktunaráætlun

Vöktunaráætlun skal liggja fyrir áður en starfsleyfi er veitt. Vöktunaráætlunin skal vera til afmarkaðs tíma hverju sinni og endurskoðuð reglulega og skal Umhverfis- og orkustofnun samþykkja breytingar á henni. Vöktunaráætlunin tilgreinir alla þá vöktun sem rekstraraðili á að framkvæma og er nákvæmari en lýsing í starfsleyfi.

Rekstraraðili skal vakta helstu umhverfisþætti í nágrenni kvíanna í samræmi við umfang losunar fyrirtækisins í þeim tilgangi að meta það álag á umhverfið sem starfsemin veldur. Slíkar mælingar skulu vera samkvæmt staðlinum ÍST ISO 12878.

Vakta skal gæðapætti sem hafa verið samþykktir af Umhverfis- og orkustofnun, sbr. lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, og skulu þeir tilgreindir í vöktunaráætlun. Vakta skal dreifingu á losun mengunarefna til viðtaka og vistfræðilegar afleiðingar hennar. Meta skal umhverfisástand sjávarbotns, t.d. með myndatökum af botninum og vakta súrefnisstyrk við botn og styrk næringarefna í sjó þegar styrkur þeirra er hvað mestur. Eftirlitsaðili getur kallað eftir vöktun á fuglalífi, telji hann ástæðu til. Nánari lýsingu á mælingum og tíðni má finna í vöktunaráætlun rekstraraðila. Komi í ljós að vatnshlotið uppfylli ekki umhverfismarkmið sín skal rekstraraðili fara í aðgerðir til að draga úr álagi.

Taka skal mið af leiðbeiningum stofnunarinnar, m.a. „Upplýsingar um vöktunaráætlanir fiskeldisstöðva“ og síðari viðbótum um vöktun sjókvíaeldis, og útfæra áætlunina í samræmi við staðbundnar aðstæður. Umhverfis- og orkustofnun getur tekið ákvörðun um að gera breytingar á fyrirkomulagi umhverfisvöktunar telji stofnunin að ástæða sé til og kallað eftir breytingum á vöktunaráætlun. Rekstraraðili skal senda Umhverfis- og orkustofnun niðurstöður skráninga og mælinga, sbr. gr. 4.1 og 4.3, fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár.

5.2 Kostnaður

Rekstraraðili skal greiða allan kostnað við rannsóknir á mengun í nágrenni kvíanna samkvæmt gr. 5.1 og ábyrgjast framkvæmd mælinga sem kveðið er á um í starfsleyfi þessu. Hann skal greiða sinn hluta af kostnaði sameiginlegrar vöktunar ef önnur fyrirtæki á svæðinu valda sams konar mengun. Mælingar skulu vera í höndum rekstraraðila eða aðila sem rekstraraðili tilnefnir og Umhverfis- og orkustofnun samþykkir.

6 FLOKKUN STARFSEMI OG GJALDSKYLDA

Starfsemi þessi fellur undir lið 2 í viðauka II laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og lið 2 í viðauka IX reglugerðar nr. 550/2018. Rekstraraðili greiðir Umhverfis- og orkustofnun gjald vegna útgáfu og kynningar starfsleyfisins og greiðir eftirlitsaðila gjald vegna eftirlits skv. gjaldskrá stofnunarinnar.

Gjald vegna viðbótareftirlits, svo sem vegna vanefnda, frávika eða kvartana, greiðist sérstaklega samkvæmt gjaldskrá.

7 GILDISTAKA

Starfsleyfi þetta, sem er veitt samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, öðlast gildi við afhendingu Matvælastofnunar til rekstraraðila og gildir til 3. mars 2041.

Ákvörðun Umhverfis- og orkustofnunar um útgáfu á endurkoðuðu starfsleyfi er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan eins mánaðar frá birtingu ákvörðunar Umhverfis- og orkustofnunar skv. 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.


Reykjavík 3. mars 2025

Umhverfis- og orkustofnun

Hlín Gísladóttir
lögfræðingur

Agnes Porkelsdóttir
sérfræðingur

Viðauki 1



Mynd. Staðsetning eldissvæða Ís 47 ehf. í Önundarfirði á nýtingarreitum SN21 og SN22 samkvæmt strandsvæðisskipulagi Vestfjarða. Sjá einnig gr. 1.2 í leyfi (mynd: útbúin úr sjókortagrunni Landhelgisgæslu Íslands og strandsvæðisskipulagi frá Skipulagsstofnun).

Tafla. Hnit eldissvæða Ís 47 ehf. í Önundarfirði.

Eldissvæði	Hornpunktar	Hnit
Valþjófsdalur	1	N 66°3.050' V 23°36.000'
	2	N 66°3.300' V 23°35.400'
	3	N 66°2.723' V 23°33.358'
	4	N 66°2.445' V 23°34.082'
Hundská	1	N 66°5.471' V 23°39.711'
	2	N 66°5.758' V 23°39.141'
	3	N 66°5.017' V 23°36.839'
	4	N 66°4.735' V 23°37.442'
	5	N 66°4.824' V 23°37.830'

Viðauki 2

Yfirlit yfir skiladaga:

Í eftirfarandi ákvæðum starfsleyfisins eru ákveðnir skiladagar tilgreindir:

- Í gr. 2.1 er kveðið á um að rekstraraðili skuli setja sér umhverfismarkmið þau endurskoðuð a.m.k. á fjögurra ára fresti.
- Tilkynna þarf Umhverfisstofnun hvenær seiði verði sett út, með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara sbr. gr. 3.2.
- Í gr. 4.2 er kveðið á um að skila eigi ársyfirliti til eftirlitsaðila og vöktunarniðurstöðum í gagnagátt stofnunarinnar undir stjórn vatnamála fyrir 1. maí ár hvert.
- Í gr. 4.3 eru ákvæði um skiladaga fyrir umhverfisupplýsingar.

Sé misræmi á milli þessa viðauka og megintexta starfsleyfisins gildir megintextinn.

Greinargerð vegna útgáfu á breyttu starfsleyfi Ís 47 ehf. í Önundarfirði

1. Almennt

Ís 47 ehf. sótti þann 22. mars 2022 um endurskoðun á starfsleyfi til Umhverfisstofnunar vegna eldis fyrirtækisins í sjókvíum í Önundarfirði. Rekstraraðili hefur haft starfsleyfi fyrir eldi á regnbogasilungi og þorski með allt að 1.000 tonna hámarkslífmassa á hverjum tíma. Endurskoðunin felur annars vegar í sér tegundarbreytingu, þ.e. að heimilt verði að ala frjóan lax í stað regnbogasilungs og þorsks, og hins vegar færslu eldissvæðis frá Ingjaldssandi til Hundsár. Umhverfisstofnun auglýsti tillögu að endurskoðuðu starfsleyfi, sbr. 3. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 og 3. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018, á tímabilinu 19. desember 2024 til og með 27. janúar 2025. Auglýsing var birt á vefsíðu Umhverfisstofnunar þann 19. desember sl. ásamt gögnum sem lágu til grundvallar tillögunni. Auglýsing starfsleyfistillögunnar var einnig birt á nýrri vefsíðu Umhverfis- og orkustofnunar þann 8. janúar sl. Heimilt var að gera athugasemdir við tillöguna á auglýsingatíma. Tilkynning um opinbera auglýsingu var send til rekstraraðila, sveitarfélagsins, heilbrigðiseftirlits Vestfjarða, Matvælastofnunar, Skipulagsstofnunar, Orkustofnunar, Hafrannsóknastofnunar, Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar, Vegagerðarinnar, Landhelgisgæslu Íslands, Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi og Landsambands veiðifélaga sama dag og hún var birt á vefsíðu Umhverfisstofnunar. Sérstaklega var óskað eftir umsögn Samgöngustofu um tillöguna m.t.t. 10. gr. laga nr. 132/1999 um vitamál.

Umhverfisstofnun var lögð niður 31. desember 2024. Þann 1. janúar 2025 tók Umhverfis- og orkustofnun til starfa en leyfi þetta er veitt af Umhverfis- og orkustofnun sem tók við verkefnum, réttindum og skyldum, eignum og skuldbindingum Orkustofnunar og þess hluta af starfsemi Umhverfisstofnunar er lýtur að umhverfis- og loftslagsmálum, sbr. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 110/2024 um Umhverfis- og orkustofnun.

2. Afstaða til umhverfismats framkvæmdar

Þann 7. febrúar 2023 birti Skipulagsstofnun ákvörðun stofnunarinnar um matsskyldu Ís 47 ehf. vegna framleiðsluaukningar, færslu eldissvæðis og tegundarbreytingu.⁴ Niðurstaða Skipulagsstofnunar var að breytingin væri ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skyldi því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Umhverfis- og orkustofnun hefur kynnt sér tilkynnta framkvæmd og umfjöllun í ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmdarinnar en hún er lögð til grundvallar þessu leyfi. Umhverfisstofnun veitti umsögn til Skipulagsstofnunar um breytinguna þann 21. nóvember 2022. Í ákvörðun Skipulagsstofnunar var fjallað um málsmeðferð stofnunarinnar og gerir Umhverfis- og orkustofnun ekki athugasemd við hana.

Í ákvörðun um matsskyldu kemur fram að Skipulagsstofnun telur brýnt að í starfsleyfi verði sett skilyrði um að vöktun verði á súrefnisstyrk við botn og styrk næringarefna í sjó og að tilhögun og nákvæmni þeirrar vöktunar verði í samræmi við það sem Hafrannsóknastofnun telur fullnægjandi til að byggja á við endurskoðun burðarþolsmats og að vöktun á næringarefnum fari fram þegar styrkur þeirra er hvað mestur. Einnig telur stofnunin brýnt að skýr viðmið verði um ástand botndýralífs og að tilgreindar verði mótvægisáðgerðir reynist ástand ekki ásættanlegt, t.a.m. að

⁴ [Gagnagrunnur umhverfismats | Skipulagsstofnun](#)

ekki verði hægt að hefja eldi á ný fyrr en botn og botndýralíf á svæðina hafa náð ásættanlegu ástandi.

Samkvæmt gr. 5.1 í starfsleyfinu skal rekstraraðili vakta þá gæðabætti sem samþykktir hafa verið af Umhverfis- og orkustofnun sbr. lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Rekstraraðili skal vakta dreifingu á losun mengunarefna til viðtaka og vistfræðilegar afleiðingar hennar auk þess að meta umhverfisástand sjávarbotns og vakta súrefnisstyrk við botn og styrk næringarefna í sjó þegar styrkur þeirra er hvað mestur. Stofnunin fer fram á að vöktunin byggi á leiðbeiningum Hafrannsóknastofnunar.

Umhverfis- og orkustofnun telur að helstu áhrif vegna starfseminnar verði vegna losunar næringarefna á föstu og uppleystu formi í strandsjávarhlotið. Því er mikilvægt að fylgjast með losun og áhrifum losunar á umhverfið í samræmi við vöktunaráætlun sem rekstraraðili hefur lagt fram og Umhverfis- og orkustofnun samþykkt en rekstraraðili skal árlega skila vöktunarskýrslu. Losun má ekki fara yfir 10,0 kg/tonn af lífmassaaukningu á ári sbr. gr. 3.4 í starfsleyfinu. Hvert eldissvæði skal hvílt í a.m.k. 90 daga á milli eldislota en stofnuninni er heimilt að lengja hvíldartíma ef mælingar benda til uppsöfnunar næringarefna undir kvíum eða annarra neikvæðra umhverfisáhrifa. Þá er einnig hægt að endurskoða fyrirkomulag vöktunar telji stofnunin ástæðu til.

Skipulagsstofnun telur brýnt að bakgrunnsgildi fyrir ástand botns liggi fyrir á eldissvæðum áður en þau eru tekin í notkun. Grunnstýnataka fór fram á Hundsa í desember 2022. Grunnstýnataka er framkvæmd einu sinni fyrir hvert svæði áður en það er tekið í notkun skv. vöktunaráætlun rekstraraðila.

3. Strandsvæðisskipulag Vestfjarða

Strandsvæðisskipulag Vestfjarða var staðfest og tók gildi þann 7. mars 2023 og nær yfir firði og flóa frá Bjargtöngum í suðri að Straumnesi í norðri. Mörk skipulagssvæðisins til lands eru við netlög, 115 m út frá stórstraumsfjöruborði, en staðarmörk sveitarfélaga miðast við netlög. Til hafs nær skipulagssvæðið að viðmiðunarlínu samkvæmt lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Almenn ákvæði skipulagsins kveða á um að áhættumat siglinga sé ávallt unnið í því ferli sem leiðir til útgáfu leyfa fyrir sjókvíaeldi og niðurstöður þess skili sér í leyfisskilmála. Sjá nánari umfjöllun í kafla 4 í greinargerðinni. Eldissvæði rekstraraðila sem leyfið tekur til eru innan reitanna SN21 og SN22.

Sértæk ákvæði fyrir SN21 kveða á um að við ákvörðun um leyfisveitingar skuli taka afstöðu til vöktunar fuglalífs þar sem starfsemi kann að hafa áhrif á fugla. Í ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu kemur fram að ekki sé líklegt að áhrif af fyrirhuguðu eldi á fuglalíf verði mikil. Í gr. 5.1 í starfsleyfinu er ákvæði um að eftirlitsaðili geti kallað eftir vöktun á fuglalífi, telji hann ástæðu til. Engin sértæk ákvæði gilda á nýtingarreit SN22.

Samkvæmt gr. 1.1 í starfsleyfinu skal rekstraraðili haga starfsemi sinni í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir og vera innan þeirra reita sem vísað er til hér að ofan. Þá er Umhverfis- og orkustofnun heimilt að endurskoða skilyrði starfsleyfisins ef breyting verður á skipulagi, sbr. gr. 1.6.

4. Áhættumat siglinga

Áhættumat siglinga var unnið af ráðgjafa á vegum rekstraraðila í samráði við Vegagerðina. Þann 16. október 2024 barst Umhverfisstofnun áhættumat fyrir eldissvæðin sem þetta leyfi tekur til auk greinargerðar Vegagerðarinnar um áhættumat eldissvæðanna. Jafnframt fylgdi umsögn Samgöngustofu um staðsetningar fyrirhugaðra eldissvæða skv. 10. gr. laga nr. 132/1999 um vitamál.

Samkvæmt áhættumati og greinargerð Vegagerðarinnar nær enginn vitageiri inn í fjörðinn og því eru eldissvæðin ekki innan hvíts ljósgeira. Að teknu tilliti til siglingaleiða og öryggis er hæfilegt varúðarsvæði í starfsleyfi metið 50 metrar líkt og reglugerð nr. 540/2020 um fiskeldi kveður á um.

5. Mat á áhrifum á vatnshlot

Stofnunin óskaði eftir mati rekstraraðila á áhrifum starfseminnar á vatnshlotið Önundarfjörð (101-1388-C) skv. lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Þann 14. mars 2024 barst stofnuninni matið og hefur stofnunin farið yfir áhrifamatið og gerir ekki athugasemdir við það. Að auki óskaði stofnunin eftir því að vöktunaráætlun rekstraraðila yrði uppfærð með tilliti til laga um stjórn vatnamála, þ.e. að þeir gæðarþættir sem notaðir eru til að ástandsmeta strandsjavarhlot yrðu vaktar svo fylgjast megi með því álagi sem starfsemi veldur á vatnshlotið og hvort líkur séu á því að þau umhverfismarkmið sem sett hafa verið fyrir vatnshlotið náist ekki.

6. Athugasemdir við auglýsta tillögu

Tvær athugasemdir bárust á auglýsingatíma, annars vegar frá Skipulagsstofnun þann 24. janúar sl. og hins vegar frá Landhelgisgæslu Íslands þann 27. janúar sl.

Sérstaklega var óskað eftir umsögn Samgöngustofu um tillöguna m.t.t. 10. gr. laga nr. 132/1999 um vitamál. Samgöngustofa gerði ekki athugasemdir við auglýsta breytingu.

Hér á eftir fylgir útdráttur úr athugasemdum og viðbrögð Umhverfis- og orkustofnunar við þeim:

Skipulagsstofnun gerir athugasemd við það að afmörkun eldissvæðisins Hundsár nær út fyrir nýtingarreitinn SN22 og inn á reit A8 sem flokkast sem *almenn nýting*. Skipulagsstofnun gerir einnig athugasemd við að mynd af afmörkun eldissvæða í starfsleyfistillögu sé ekki í samræmi við þau hnit sem sett eru fram. Jafnframt bendir stofnunin á að samkvæmt Strandsvæðisskipulagi Vestfjarða sé heimilt að stunda atvinnuveiðar, ferðaþjónustu og útivist innan reita sem skilgreindir eru í nýtingarflokkinn staðbundin nýting þar sem fastur búnaður er ekki til staðar og truflun verður ekki á staðbundinni starfsemi eða slík umferð eða nýting takmarkar ekki þróunarmöguleika staðbundinnar nýtingar. Ákvæði um það ætti að koma fram í rekstrar- og starfsleyfum.

- Umhverfis- og orkustofnun hefur uppfært hnitin og mynd af afmörkun eldissvæða þannig að eldissvæðið sé allt innan nýtingarreits SN22. Stofnunin telur ekki þörf á að bæta ákvæði við starfsleyfið um að heimilt sé að stunda atvinnuveiðar, ferðaþjónustu og útivist innan reitsins þar sem hnit gefa til kynna hvar eldissvæðin eru og stofnunin telur ljóst að það takmarkar ekki aðra nýtingu á reitunum.

Landhelgisgæsla Íslands leggur áherslu á að tryggja sé að merkingar búnaðar verði í samræmi við reglugerð nr. 540/2020 um fiskeldi. Einnig áréttar stofnunin nauðsyn þess að tilkynningar varðandi nákvæmar staðsetningar og hnit sjókvíaeldisstöðva berist sjómælinga- og siglingaöryggisdeild stofnunarinnar til að upplýsingarnar komist til sjófarenda og í sjókort.

- Umhverfis- og orkustofnun bendir á að skv. 4. mgr. 35. gr. reglugerðar nr. 540/2020 um fiskeldi skal rekstrarleyfishafi tilkynna hnit til Landhelgisgæslu Íslands þegar nákvæm staðsetning á sjókvíaeldisstöð liggur fyrir. Jafnframt skal rekstrarleyfishafi tilkynna Landhelgisgæslu Íslands þegar sjókvíaeldisstöðvar eru færðar til innan þess eldissvæðis sem fyrirtækið hefur fengið úthlutað. Umhverfis- og orkustofnun bendir á að Matvælastofnun gerir úttekt á stöðinni áður en rekstrarleyfi stofnunarinnar tekur gildi til að staðfesta að framkvæmd og eldisbúnaður standist ströngustu staðla sem gerðir eru fyrir fiskeldismannvirki í sjó og staðreyna að rekstraraðili sé fær um að fullnægja skilyrðum laga nr. 71/2008 um fiskeldi og skilmálum rekstrarleyfisins. Umhverfis- og orkustofnun vísar því til greinargerðar rekstrarleyfis Matvælastofnunar varðandi þetta atriði.

7. Breytingar frá auglýstri tillögu

Síðan leyfið var auglýst hefur Umhverfisstofnun verið lögð niður og Umhverfis- og orkustofnun tekið til starfa og því hefur leyfinu verið breytt í samræmi við það.

Í gr. 1.4 var eftirfarandi setningu bætt við: „Breytingin skal vera í samræmi við matsskylduákvörðun Skipulagsstofnunar eða álit Skipulagsstofnunar um umhverfismat framkvæmdar, sbr. lög nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana, ef við á.“

Í gr. 1.6 var eftirfarandi atriðum bætt við upptalningu: „Niðurstöður umhverfisvöktunar, sbr. gr. 5.1, benda til þess eða Umhverfis- og orkustofnun hefur með öðrum hætti upplýsingar um uppsöfnun næringarefna eða að aðrar óhagstæðar aðstæður í umhverfinu eða náttúrunni hafi komið upp“ og „Ef rekstraraðili breytir rekstrinum með þeim hætti að tilkynningaskýlt er sbr. gr. 1.4.“

Í gr. 2.3 var eftirfarandi setningum bætt við: „Tryggja skal kennslu og æfingu í viðbrögðum við mengunaróhöppum“ og „Takmarka skal aðgang óviðkomandi að athafnasvæði stöðvarinnar þannig að almenningi stafi ekki hætta af starfsemi.“

Í gr. 2.5 var eftirfarandi setningum bætt við: „Þar skal taka á hugsanlegri hættu á bráðamengun og hvenær tilkynna skuli um mengunaróhöpp til Umhverfis- og orkustofnunar“ og „Hana skal endurskoða á a.m.k. fjögurra ára fresti.“

Í gr. 2.6 var eftirfarandi setningum bætt við: „Eftir því sem við á skal fylgja viðbragðsáætlun sbr. gr. 2.5“ og „Eftirlitsaðila er heimilt, ef þörf er á, að óska eftir upplýsingum um önnur sérstök atvik í rekstri sem geta haft í för með sér aukna mengun.“

Í gr. 3.9 var bætt við eftirfarandi setningum: „Meðferð úrgangs og spilliefna skal fara eftir lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og reglugerð nr. 803/2023 um meðhöndlun úrgangs auk reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni eftir því sem við á. Fullnýta skal hráefni og stuðla að endurnýtingu og endurvinnslu úrgangs eins og kostur er“.

Í gr. 5.1 var eftirfarandi setningum bætt við: „Umhverfis- og orkustofnun getur tekið ákvörðun um að gera breytingar á fyrirkomulagi umhverfisvöktunar telji stofnunin að ástæða sé til og kallað eftir breytingum á vöktunaráætlun. Rekstraraðili skal senda Umhverfis- og orkustofnun

niðurstöður skráninga og mælinga, sbr. gr. 4.1 og 4.3, fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár.”

Í gr. 5.2 var eftirfarandi setningu bætt við: „og ábyrgjast framkvæmd mælinga sem kveðið er á um í starfsleyfi þessu”.

Í viðauka 1 hafa hnit eldissvæðisins að Hundsá verið uppfærð og myndin í samræmi við það. Einnig voru hnit eldissvæðisins Valbjófsdals uppfærð þar sem röng hnit voru auglýst sem voru ekki í samræmi við fyrra leyfi.

Að auki voru gerðar nokkrar breytingar til að skerpa á tilteknum kröfum auk stöku lagfæringa á stafsetningu, orðalagi og tilvísunum í lög og reglugerðar.

8. Aðrar leyfisveitingar

Til starfrækslu fiskeldisstöðva þarf starfsleyfi Umhverfis- og orkustofnunar og rekstrarleyfi Matvælastofnunar, sbr. 1. mgr. 4. gr. b. laga nr. 71/2008 um fiskeldi. Unnið var að samræmingu starfsleyfis og rekstrarleyfis hjá stofnununum, sbr. lög nr. 71/2008 um fiskeldi og lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Þá þarf jafnframt byggingarleyfi fyrir kvíunum frá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, sbr. lög nr. 160/2010 um mannvirki. Starfsemin gæti einnig verið háð leyfisveitingum frá öðrum stofnunum eða sveitarfélagi.

9. Niðurstaða

Umhverfis- og orkustofnun hefur tekið ákvörðun um útgáfu á breyttu starfsleyfi að undangenginni ítarlegri endurskoðun og yfirferð á gögnum og með tilliti til málsmeðferðargagna. Stofnunin telur að skilyrði og vöktun sem tilgreind eru í starfsleyfinu séu líkleg til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum og stuðli að því að fylgst verði með áhrifunum svo bregðast megi skjótt við ef niðurstöður vöktunar bendi til neikvæðra áhrifa.

Stofnunin telur að þau umhverfisáhrif sem eldið muni valda verði að mestu staðbundin og afturkræf verði eldi hætt og búnaður fjarlægður. Með þeim kröfum sem gerðar eru í starfsleyfi og vöktunaráætlun ásamt því að horfa til áhættumats erfðablöndunar er dregið úr mögulegum áhrifum starfseminnar á líffræðilegan fjölbreytileika.

Umhverfis- og orkustofnun telur að umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar hafi verið lýst með fullnægjandi hætti og að matsferlið sé í heild traustur og lögmætur grundvöllur fyrir breytingu á starfsleyfinu.

10. Gildistaka

Stofnunin hefur tekið ákvörðun um útgáfu á starfsleyfi fyrir rekstraraðila. Umhverfis- og orkustofnun sendir Matvælastofnun starfsleyfið eftir ákvörðun um útgáfu, sbr. 3. mgr. 4. gr. b. laga nr. 71/2008 um fiskeldi, sem afhendir það og birtir rekstraraðila samtímis.